


Félagar í Septem-hópnum, Jóhannes Jóhannesson, Guðmunda Andrésdóttir og Hafsteinn Austmann við verk Valtýs Péturssonar.



Valtýr Pétursson var einn af stofnendum Septem árið 1974 og driffjöður sýninga þess félagsskapar. Þá var hann einnig burðarás í FÍM, gjaldkeri þess um árabil, í stjórn Íslandsdeildar Norræna myndlistarbandalagsins frá 1951 og formaður þess 1969—73. Valtýr lést sumarið 1988. Þessi sýning er haldin til minningar um hann.

SEPTEM 1988

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Sýningar Septem-hópsins hafa merkilega lengi verið árviss viðburður í myndlistarlífi haustsins og næstum alltaf borið upp í septembermánuði í samræmi við nafnið.

Listahópurinn á sér þannig lengri sögu en nokkur annar hér á landi frá því að Íslendingar hófu að munda pentskúfinn og það eru einmitt slíkir listhópar, er njóta hvað mestrar virðingar ytra en verða um leið fyrir hatrömmum ársásum manna með andstæðar skoðanir. Af slíkum árásum hefur Septem-hópurinn fengið drjúgan skammt í áranna rás en þó hvergi látið deigan síga, og menn endurnýja sig líkt og kameljón, og þannig var síðasta sýning með þeim frísklegustu um langt skeið.

Í þetta sinn eru þeir félagar nokkuð seint á ferðinni líkt og að eitthvað hafi farið úrskeiðis og sýningin stendur þar að auki merkilega stutt við á Kjarvalsstöðum, eða rúma viku, og lýkur henni á sunnudaginn, sjötta nóvember.

Einhver sagði mér í óspurðum fréttum, að þetta væri sennilega síðasta sýning hópsins og hafði það eftir góðum heimildum, en sjálfsagt kann svo að fara, að þeir ágætu menn sem hér eiga í hlut, hætti við að hætta og það væri svo sem engin saga til næsta bæjar jafn atorkusamir myndlistarmenn og þeir eru.

Að þessu er vikið vegna þess að driffjöðurin í hópnum, **Valtýr Pétursson**, hvarf af sjónarsviðinu í maí sl., en það mun einmitt hafa verið hann, sem jafnan lét taka frá sýningarsal fyrir næsta árs framkvæmd, að lokinni hverri sýningu fyrir sig. Sá þannig um að menn hefðu takmark að keppa að og að engar leiðir lægju til baka í þeim efnum frekar en öðru í listinni.

Og að sjálfsögðu er þessi sýning helguð minningu Valtýs Péturssonar, sem á flestar myndir, og spanna þær tímabilið 1947-1984. Þetta er markverð samantekt frá ferli Valtýs þótt myndirnar séu ekki nema fimmtán að tölu og gefa ljóslega til kynna hve víða hann kom við á ferli sínum.

Svo virðist í fljótu bragði og er í raun sannfæring margra, að hápunkturinn á ferli Valtýs hafi verið strangflatatímabilið (geometrían) svo og ljóðræna og innsæja-abstrakttímabilið og er óneitanlega margt sem rennir stoðum undir það álit þegar augum er rennt yfir þessa samantekt. Hún gefur og til kynna þrátt fyrir heillegheit sín, að bylgjurnar risu hátt í list Valtýs en lægðirnar voru líka fyrir hendi svo sem hjá öllum sem mála þannig af fingrum fram í samræmi við hræringar í útlandinu.

Valtýr hallaði sér lengstum að Parísarskólanum og var málari form- og litrænna stemmninga hvort heldur hann vann í huglægu eða hlutlægu myndmáli, en hlutveruleikinn var það sem helst sótti á og það býsna stíft hin síðari ár — átti sér þó langan aðdraganda og mun lengri en stílhvörfin fyrr á lífsleiðinni.

— Að öðru leyti er þessi sextánda sýning Septem-hópsins um margt keimlík þeim fyrri því að nokkur íhaldssemi einkennir þessa gömlu byltingarseggi, — og eins og stundum áður, m.a. í fyrra, saknar maður þeirra Karls Kvarans og Steinþórs Sigurðssonar, sem eru ekki með að þessu sinni.

En hinar öldnu kempur eru þó furðanlega hressar í heildina litið og hvergi dauður punktur, t.d. sýnir **Hafsteinn Austmann** einfalda en umbrotamikla dúka og þar af einn risastóran. Er auðséð að hann er í ham þessa stundina og verður fróðlegt að sjá áframhaldið.

Jóhannes Jóhannesson er traustur að vanda og öll verk hans eru vel upp byggð í kröftugum form- og litrænum stígandi og þá einkum „Víg Kjartans“ (49) og „Fjör í fjörunni“ (50), sem báðar eru frá þessu ári svo sem raunar öll önnur verk hans.

Guðmunda Andrésdóttir er fersk og frískleg að þessu sinni og virðist eiginlega gerjast eins og eðalvín — einkum er heilmikið að gerast í myndunum „Ljósbrot“ (36), „Vorkliður“ (38), „Vetrarkoma“ (39) og litlu myndunum „Rökkur“ (31) og „Vorljóð“ (36).

Kristján Davíðsson lætur sér nægja að vera aðeins með þrjú málverk, sem öll eru einkennandi fyrir hin óformlegu stílbrögð og efnislega, litræna vöxt, sem hann hefur aðhyllst lengi (Art Informel).

Myndhöggvarinn á sýningunni er svo **Guðmundur Benediktsson,** sem nú hefur lagt út í tréskúlptúra, sem um sumt minna á Sigurjón Ólafsson, en hin eldri verk hans í brons, svo og brons og tré, er bera númerin 55, 56 og 58 tel ég hans sterkasta framlag til sýningarinnar.

Dregið saman í hnotskurn er þetta hin ágætasta viðbót við sýningarflóru haustsins og verðskuldar drjúga athygli.

SVS og Varðberg:

Breskur flotaforingi flytur erindi



Sir Jock Slater

BRESKUR flotaforingi, Sir Jock Slater, ræðir um varnarstefnu Breta innan vébanda Atlantshafsbandalagsins (NATO) á fundi Samtaka um vestræna samvinnu (SVS) og Varðbergs í Átthagasal Hótel Sögu í hádeginu í dag.

Ræðumaður hefur frá því á síðasta ári verið yfirmaður breska flotans á Skotlandi og Norður-Írlandi ásamt því að vera yfirmaður flotastöðvarinnar í Rosyth. Þá stjórnar hann undirherstjórn NATO á austurhluta Atlantshafs og starfar því náið með varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Fundurinn í dag er opinn félögum í SVS og Varðbergi og gestum þeirra.



Daði Guðbjörnsson sýnir verk sín á Hótel Borg í nóvember.

Daði Guðbjörnsson heldur sýningu á Hótel Borg

DAÐI Guðbjörnsson heldur myndlistarsýningu á Hótel Borg, Pósthússtræti 11, í nóvember.

Daði Guðbjörnsson fæddist 1954. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann í Reykjavík og síðan framhaldsnám við Ríkisakademíuna í Amsterdam.

Hann er formaður Félags íslenskra myndlistarmanna og hefur átt sæti í safnráði Listasafns Íslands.

Daði hefur tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hérlendis og erlendis. Á sýningunni eru aðallega olíumyndir en einnig nokkuð af vatnslitamyndum.

(Fréttatilkynning)

GLÆSILEGIR TÓNLEIKAR

Tónlist

Jón Þórarinsson

Það var viðhafnarsvipur á Tsjaíkovskí-tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói fimmtudaginn 3. nóvember og voru til þess ýmsar ástæður: Tveir frábærir einleikarar, ungur stjórnandi sem er að ná betri tökum á hljómsveitinni en flestum hefur áður tekist og síðast en ekki síst var hvert sæti skipað í húsinu og komust að miklu færri en vildu. Það setur líka alltaf hátíðarsvip á slíkar samkomur þegar viðstaddir í upphafi fagna forseta Íslands með því að rísa úr sætum.

Segja má að þetta væru miklir *einleikstónleikar, því að einleikar*ar voru tveir og eins ólíkir og verkin sem þeir fluttu. Nina Kavtaradze lék einleikshlutverkið í píanókonsertinum nr. 1, op. 23, sem er stórkarlaleg og dálítið losaraleg tónsmíð, af miklum þrótti og innlifun svo að hljómsveitin mátti hafa sig alla við að halda í við hana, t.d. í inngangi fyrsta þáttarins. Erling Blöndal Bengtsson fór hinsvegar með einleikshlutverkið í „Rókókó-tilbrigðunum“, op. 33, með þeirri næmu smekkvísi sem honum er eiginleg og dró fram alla kosti þessarar fingerðu tónsmíðar. Það var unun á að hlýða. Báðum einleikurunum var forkunnarvel fagnað.

Að lokum flutti svo hljómsveitin tónaljóðið „Francesca da Rimini“, op. 32. Þetta er svipmikið tónverk byggt á efnisatriði úr „Hinum guðdómlega gleðileik“ Dantes, sögunni um Francescu og Paolo. Hvort menn verða mikils vísari um inntak sögunnar af því að hlýða á tónverkið skal ósagt látið. En verkið er talsverð prófraun fyrir hverja hljómsveit sem það flytur, bæði fyrir einstaka „leiðandi“ *menn og sveitina í heild að* því er varðar samspil og jafnvægi. Sinfóníuhljómsveitin komst vel frá þessu, enda er hún að taka undraverðum framförum með viku hverri undir stjórn hins nýja aðalstjórnanda síns. Hann heitir Petri Sakari þótt ekki væri þess getið í efnisskrá þessara tónleika. Hann er að vinna frábært starf með hljómsveitinni.